

REGLUR

um bílastæði fyrir vithæfar bifreiðar í Reykjavík.

1. gr.

Heimilt er að leggja vithæfri bifreið án endurgjalds í 90 mínútur í gjaldskyld bílastæði á götum í Reykjavík, enda sé bifreiðin merkt með gildri klukkuskífu útgefinni af Reykjavíkurborg og ekki á negldum hjólbörðum.

Tími gjaldfrelsis miðast við hverja ökuferð en endurnýjast ekki við tilflutning milli bílastæða.

2. gr.

Klukkuskífa er gefin út af Reykjavíkurborg fyrir vithæfar bifreiðar sem eru með skráða lengd undir 5 metrum og ganga eingöngu fyrir rafmagni (rafgeymabílar) eða vetni. Klukkuskífan og gildistími skulu vera sýnileg í framrúðu bifreiðar.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og hafa hlotið samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og voru samþykktar á fundi skipulags- og samgönguráðs 24. nóvember 2021 og á fundi borgarráðs 2. desember 2021, taka gildi 1. janúar 2022 og gilda til 31. desember 2022. Endurnýja þarf heimildir sem gefnar voru út á grundvelli eldri reglna.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 6. desember 2021.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2021